

7. september
2023

HARPA
ELDBORG

Eva stjórnar Eldfuglinum



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt
á farsímum meðan á
tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um
að klappa aðeins í lok tónverks.

Tímalengd verka

I Want To Be Alive I: Echo / Narcissus 16'

Sellókonsert 27'

Ævintýraljóð 12'

Eldfuglinn 22'

Tónleikunum er útvarpað beint á Rás 1.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube
og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna
lagalista með allri tónlist starfsársins.

Eva stjórnar Eldfuglinum

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 7. SEPTEMBER KL. 19:30

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Eva Ollikainen
hljómsveitarstjóri

Amalie Stalheim
einleikari

Daníel Bjarnason

I Want To Be Alive I: Echo / Narcissus (2023)

Anders Hillborg

Sellókoncert (2020)

HLÉ

Sofia Gubaidulina

Ævintýraljóð (1971)

Igor Stravinskíj

Eldfuglinn, svíta (1910/1919)

Inngangur

Dans Eldfuglsins

Hringdans prinsessanna

Vítisdans Kastseis konungs

Vögguvísa

Lokadans

For information in English about tonight's programme, please visit the Iceland Symphony Orchestra website: en.sinfonia.is.



Eva Ollikainen

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Finnski hljómsveitarstjórinn Eva Ollikainen hefur verið aðalhljómsveitarstjóri og listrænn stjórnandi Sinfóníu-hljómsveitar Íslands frá árinu 2020, fyrst kvenna til að gegna þeirri stöðu. Hún nam hljómsveitarstjórn við Síbelíusarakademíuna í Helsinki þar sem hún naut leiðsagnar Leifs Segerstam og Jorma Panula og hreppti fyrstu verðlaun í Panula-keppninni fyrir unga hljómsveitarstjóra árið 2003, þá 21 árs. Hún kom fyrst til Íslands tveimur árum síðar og spannar samstarf hennar við Sinfóníuhljómsveit Íslands því tæp 20 ár. Þá stjórnaði hún framhaldsskólatónleikum hljómsveitarinnar með nær engum fyrirvara, en hún stjórnaði einnig nokkrum áskriftartónleikum á árunum 2007–2010. Hún stjórnaði í fyrsta sinn í Hörpu í febrúar 2019 og skömmu síðar tók hún boði hljómsveitarinnar um að gerast aðalstjórnandi hennar.

Á meðal hljómsveita sem hún hefur stjórnað má nefna Fílharmóníusveitir Los Angeles, Helsinki og Stokkhólms, Sinfóníuhljómsveitir BBC og Baltimore og Útvarpshljómsveitirnar í Noregi og Svíþjóð. Þá hefur hún stjórnað óperuflutningi, meðal annars við Finnsku þjóðaróperuna, Konunglega óperuhúsið í Stokkhólmi og Dönsku þjóðaróperuna. Eva Ollikainen er tíður gestakennari við Síbelíusarakademíuna og hún hafði frumkvæði að stofnun Hljómsveitarstjóraakademíu Sinfóníuhljómsveitar Íslands þar sem ungir og efni-legir tónlistarnemar fá tækifæri til þess að stjórna hljómsveitinni.



Amalie Stalheim

EINLEIKARI

Norski sellóleikarinn Amalie Stalheim er fædd í Bergen árið 1993. Hún er margverðlaunaður og eftirsóttur sellóleikari sem kemur jöfnum höndum fram með virtum hljómsveitum og sem túlkandi kammertónlistar. Á meðal samstarfsfólks á sviði kammertónlistar má nefna fiðluleikarann Janine Jansen, víóluleikarann Lars Anders Tomter, sellóleikarann Yo-Yo Ma, píanóleikarana Leif-Ove Andsnes og Kathryn Stott, og mezzósópraninn Önnu Sofie von Otter. Stalheim hefur komið fram sem einleikari með virtum hljómsveitum svo sem Fílharmóníusveitunum í Osló, Bergen og Stokkhólmi og Sinfóníuhljómsveitinni í Gautaborg og starfað með hljómsveitarstjórum svo sem Ed Gardner, Dalia Stasevska, Okko Kamu og Anna Maria Helsing. Amalie Stalheim er ötull flytjandi samtímatónlistar og hefur pantað og frumflutt verk eftir tónskáldin Missy Mazzoli, Lasse Thoresen, Marcus Paus, Kaiju Saariaho og Therese Ulvo svo nokkur séu nefnd. Þetta er í fyrsta sinn sem Amalie Stalheim kemur fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands.



Daníel Bjarnason

I WANT TO BE ALIVE I: ECHO / NARCISSUS

Daníel Bjarnason (f. 1979) á að baki litríkan feril sem tónskáld, hljómsveitarstjóri og listrænn stjórnandi. Hann hefur starfað náið með tónlistarfólki úr ólíkum áttum, þvert á stíla og strauma og samið tónlist sem hefur heillað hlustendur víða um heim og úr öllum áttum, tónlist sem er frumleg og kraftmikil, einstaklega tjáningarrík, tilfinninganæm og litauðug.

Tónlistin á Íslandi

Þetta er frumflutningur verksins á Íslandi en SÍ hefur flutt fjölmörg verk eftir Daníel Bjarnason. Má þar nefna píanókonsertinn *Processions*, selló-konsertinn *Bow to String*, fiðlukonsertin *Scordatura* og hljómsveitarverkið *From Space I Saw Earth*. Daníel hefur gegnt stöðum staðarlistamanns og aðalgestastjórnanda Sinfóníuhljómsveitar Íslands og gegnir nú stöðunni „listamaður í samstarfi“.

Hljómsveitarverkið *I Want To Be Alive* er hljómsveitarþrileikur sem er saminn að beiðni Sinfóníuhljómsveitarinnar í Cincinnati, Fílharmóníusveitarinnar í Helsinki, Sinfóníuhljómsveit Íslands og Sinfóníuhljómsveitarinnar í Toronto. Verkið hverfist um áleitnar spurningar sem lúta að mennsku og meðvitund, lífi á tímum gervigreindar, ábyrgð tækninnar, hvernig vélvæddur samtíminn muni móta framtíðina og hver þáttur samkenndar og tengsla verði í þeirri veröld. Getur vél verið lifandi og búið yfir sjálfsmynd? Og ef það er svo, hver eru tengsl okkar við hana?

Líkt og heitið ber með sér er fyrsti þáttur þrileiksins, *Echo / Narcissus*, innblásinn af grísku goðsögunni um gyðjuna Ekkó og ástarviðfangið Narkissos. Á Ekkó hafa verið lögð þau álög að geta einungis bergmálað það sem hún heyrir í kringum sig. Hún verður ástfangin af piltinum Narkissos en er ófær um að tjá honum ást sína enda getur hún ekkert sagt frá eigin brjósti. Hún visnar smátt og smátt upp þar til ekkert verður eftir af henni nema röddin - sem bergmálar umheiminn. Narkissos verður sömuleiðis fyrir grimmum álögum því hann verður ástfanginn af eigin spegilmynd og því ófær um að sýna umheiminum samkennd og kærleika. Þrá eftir tengingu og nærveru, viðurkenningu og samtali og vangaveltur um sjálfsdýrkun og viðstöðulausan bergmálshellinn liggja þannig að baki þessu stóra og litríka hljómsveitarverki en þátturinn *Echo / Narcissus* var frumfluttur af Sinfóníuhljómsveitinni í Toronto í júní 2023 undir stjórn Gustavo Gimeno. Ráðgert er að annar þátturinn verði frumfluttur síðar í vetur og þrileikurinn svo frumfluttur í heild sinni árið 2025.



Anders Hillborg

SELLÓKONSERT

Anders Hillborg (f. 1954) er eitt eftirsóttasta tónskáld Svía um þessar mundir, tilraunaglaður fjölhyggjumaður sem leitar víða fanga í tónlist sinni. Höfundarverk hans er víðfeðmt og marggradda þar sem greina má áhrif frá alls kyns tónlistarstefnum og stílum, rokki, rappi og poppi, hljóðfæratónlist og raftónlist, litríkri spektraltónlist og flókinni fjölröddun. Hillborg hóf ferilinn í rokkhljómsveit á unglingsárunum og söng á svipuðum tíma í kór en hann kveður þetta upphaf hafa mótað sig mjög sem tónskáld. Á árunum 1976 til 1982 stundaði hann nám í hljóðfæratónsmíðum, kontrapunkti og raftónlist við Konunglega tónlistarháskólann í Stokkhólmi þar sem hann naut meðal annars handleiðslu enska tónskáldsins Brian Ferneyhough. Frá árinu 1982 hefur hann gefið sig óslitið að tónsmíðum.

Hillborg vakti fyrst athygli með kórverkinu *Mouyayoum* (1985) fyrir sextán radda kór, innblásið af yfirtónasöng og fingurðum blæbrigðum en verkið hefur verið hljóðritað og flutt af kórum víða um heim. Rúmum tíu árum yngri eru *Páfuglasögur* eða *Peacock Tales* (1998), konsert fyrir stóra hljómsveit og grímuklæddan, dansandi klarinettleikara en Martin Fröst, sem verkið var samið fyrir, leikur það reglulega á tónleikum sínum, með tígulega feneyska grímu og hrifandi látbragð og sviðshreyfingar.

Andstæður þykja gjarnan setja mark sitt á tónsmíðar Hillborg, þar sem stefnt er saman kyrrstöðu og hreyfingu, vélrænu og lífrænu, hátíðleika og hversdagsleika, því hlægilega og því hjartnæma. Andstæður eru að einhverju leyti undirliggjandi í sellókonsertinum sem hér hljómar þar sem takast á hægir og hugleiðslukenndir kaflar í bland við fyrirvaralítill og tryllingsleg upphlaup, himneskir sálmar og ofsafengnir hljóðaklasar. Hljóðfærasveitin er tiltölulega fámenn þar sem strengir gegna burðarhlutverki en litbrigði strengjanna og ekki síst einleikssellósins eru þanin til hins

ýtrasta með ofurviðkvæmum flaututónum, öfgafengnu glissi (þar sem fingrum á gripbretti strengahljóðfæra er rennt hægt á milli tóna), ljóðrænum og leitandi laglínnum og taktföstu banki. Leiðari sellódeildarinnar stígur fram sem annar einleikari í verkinu og rennur á köflum saman við aðalsólistann.

Sellókonsertinn er í einum samfelldum þætti, upphaf og niðurlag brothætt og hikandi, hljóðlát og svífandi. Konsertinn var saminn fyrir sellóleikarann Nicolas Altstaedt sem frumflutti ásamt Sinfóníuhljómsveitinni í Antwerpen í október 2020. Verkið hefur síðan hljómað víða en fjölmargar hljómsveitir stóðu að baki tónsmíðapöntuninni; Sinfóníuhljómsveitirnar í Antwerpen, Basel, Detroit, Quebec og Stavanger, Fílharmóníuhljómsveitin í München og Sellótværingurinn í Amsterdam.

Tónlistin á Íslandi

Þetta er frumflutningur verksins á Íslandi. Áður hefur SÍ flutt tónlist Anders Hillborg en árið 2012 lék Martin Fröst *Peacock Tales* ásamt hljómsveitinni hér í Eldborg við frábærar undirtektir tónleikagesta.



Tónlistin á Íslandi

Þetta er í fyrsta sinn sem *Ævintýraljóð* Sofíu Gubaidulínu hljómar á tónleikum SÍ. Hljómsveitin hefur flutt þónokkrar tónsmíðar hennar, má þar nefna *Þríkonsert* fyrir fiðlu, selló og bajaran, *Sieben Worte* fyrir selló, bajaran og strengi og fiðlukonsertinn *Offertorium*.

Sofia Gubaidulina

ÆVINTÝRALJÓÐ

Sofia Gubaidulina (f. 1931) hefur um árabil verið eitt virtasta tónskáld samtímans og sinnir tónsmíðum enn af miklum móð. Hún er fædd í Kristópól í Tatarlýðveldinu í Rússlandi sem þá heyrði undir Sovétríkin en hefur verið búsett í Hamborg frá árinu 1992. Tónlist hennar var tekin að vekja athygli umheimsins um þær mundir, fiðlukonsertinn *Offertorium* frá 1980, sem Gidon Kremer flutti á tónleikum um heim allan, varð til að koma henni á kortið utan Sovétríkjanna en í kjölfarið hafa hljómsveitir og tónlistarfólk um víða veröld keppt við að pantast og flytja verk hennar.

Gubaidulina var fertug þegar hún samdi verkið sem hér hljómar. *Ævintýraljóð* er hljóðmynd við ævintýri eftir tékkneska rithöfundinn Mazourek, tónlistin var frumflutt í barnatíma í útvarpinu árið 1971. Sagan er í miklu eftirlæti hjá Gubaidulínu - enda auðvelt að spegla hlutskipti listamannsins í einræðisríki í sögupræðinum. Sofia Gubaidulina kjarnar hann á þessa leið:

Litla krít í skólastofu dreymir um að teikna kastala, lystigarða og úthöf. En dag eftir dag er hún þínd til að skrifa hundleiðinleg orð og tölur og hún tekur að skreppa saman, ólíkt börnunum í skólastofunni sem vaxa og dafna. Að lokum er krítin orðin svo lítil að henni er hent. Hún velkist um í myrkri og er á því að hún hafi dáíð. En viti menn, krítin hefur hafnað í vasa lítils drengs. Hann tekur hana upp og byrjar að teikna á gangstéttina - kastala, lystigarða, skæra sól og sléttan sjó. Krítin verður svo yfir sig hamingjusöm að hún verður ekki einu sinni vör við að hún er að leysast upp í þessari dásemdarveröld ímyndunarafllsins.



Igor Stravinskíj

ELDFUGLINN

Igor Stravinskíj (1882 - 1971) var 28 ára gamall þegar honum skaut með látum upp á stjórnuhimininn í kjölfar frumflutnings Ballets Russes á *Eldfuglinum* í París. Þetta var árið 1910 og upphafið að frjóu samstarfi Stravinskíjs og ballettflokksins; *Petrushka* var frumflutt ári síðar, *Vorblótið* setti allt á annan endann árið 1913 og síðan áttu eftir að bætast við fjölmargir aðrir ballettar sem staðfestu enn frekar stöðu Stravinskíjs sem eitt eftirtektarverðasta tónskáld sinnar tíðar, þar á meðal *Pulcinella* (1920), *Les Noces* (1923) og *Appolo* (1928).

Ballets Russes var tiltölulega nýstofnaður þegar *Eldfuglinn* sló í gegn en flokkurinn starfaði á árunum 1909 til 1929, sýndi við miklar vinsældir í París, víðar um Evrópu (þó aldrei í Rússlandi) og í Ameríkuálfum og varð mikilvægur vettvangur fyrir gróskumikla nýsköpun þar sem margt af framsæknasta listafólki samtímans var fengið til samstarfs. Tónskáldin Debussy, Ravel, Satie og Strauss, myndlistarmennirnir Kandinsky, Matisse og Picasso, búningahönnuðurinn Coco Chanel og danshöfundarnir Michel Fokine, Vasily Nijinsky og George Balanchine - svo nokkur séu nefnd.

Að baki þessu listræna stórveldi stóð rússneski athafna- maðurinn Sergei Diaghilev, ástríðufullur listunnandi sem vakti snemma athygli fyrir stórhuga og metnaðarfull menningarverkefni. Eftir að hafa fetað sig áfram á braut listrænnar stjórnunar í Pétursborg settist Diaghilev að í París þar sem hann tók til óspilltra málanna að kynna rússneska list fyrir Parísarbúum. Hann var forsprakki viðamikillar sýningar á rússneskri myndlist sem sett var upp í París 1906, stýrði ári síðar glæsilegri tónlistarhátíð í París með þátttöku margra af skærustu tónlistarstjórnun Rússa á þeim tíma á borð við bassasöngvarann Feodor Chaliapin og píanóleikarann Josef Hofmann og setti árið 1908 upp *Boris Goudonov* eftir Músorgskíj áður en kom að stofnun Ballets

Tónlistin á Íslandi

Enski hljómsveitar- stjórninn Eugene Goosens stýrði fyrsta flutningi Eldfuglsins hér á landi, á tónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar í Þjóðleikhúsinu 1954. Síðan hefur verið hljómað 17 sinnum í flutningi Sí, að skóla- tónleikum ótöldum. Meðal þeirra sem haldið hafa um sprotann eru Andre Previn, (1970) Paul Zukofsky (1980) og Vladimir Ashkenazy (2004). Til eru þrjár hljómsveitarsvítur af ballettónlist Stravinskíjs sem gerðar voru 1911, 1919 og 1945 en sú í miðrið hefur notið lang- mestrar hylli og hljómar hér.

Russes árið 1909. Áhuginn á rússneskri menningu hafði þannig byggst markvisst upp í París og var tekinn að ná hæstu hæðum þegar danshöfundurinn Fokine tók að spinna söguþráð í kringum hið slavneska minni um eldfuglinn.

Það lá síður en svo í augum uppi að Stravinskíj skyldi fenginn til að semja tónlistina. Hann var rétt að hefja ferilinn sem tónskáld þegar þetta var, með örfáar tónsmíðar í farteskinu en árið 1909 hafði Diaghilev sótt tónleika með hljómsveitarverkum hans í Pétursborg og hrifist af. Í kjölfarið fékk hann Stravinskíj til að útsetja næturljóð og vals eftir Chopin fyrir uppfærslu Ballets Russes á *Les Sylphides* árið 1909. Þegar kom að því að fá tónskáld til að semja tónlist við *Eldfuglinn* leitaði Diaghilev hins vegar til að minnsta kosti þriggja rússneskra tónskálda áður en honum hugkvæmdist að ámálga hugmyndina við þetta efnilega en alls óþekkta tónskáld sem Stravinskíj var á þeim tíma.

Sögusviðið er álagagarður hins grimma Kastsei þar sem bjartleitur Ívan prins hittir fyrir töfrum slunginn eldfugl. Prinsessur, sem Kastsei hefur hneppt í álög, stíga dans í garðinum og Ívan fellir hug til einnar þeirra. Þegar Kastsei er við það að breyta Ívani prins í stein birtist eldfuglinn á ögurstundu, fær Kastsei til að stíga æðisgenginn vítisdans og svæfir hann svo með tregafullri vögguvísu. Ívan nær að brjóta fjöregg Kastsei en með því rofna álögin, nótt vikur fyrir birtu og degi og stórfenglegum lokadansi.

Tónlist Stravinskíjs býr yfir ótrúlegri litauðgi þar sem blæbrigði hljómsveitarinnar eru nýtt til hins ýtrasta en heima í Rússlandi hafði Stravinskíj notið leiðsagnar Rimsky-Korsakov, hins mikla meistara á sviði hljómsveitarútsetningar. Andstæðir heimar hins yfirnáttúrulega og hins mennska eru undirstrikaðir með ólíkum hljóðheimum, hljóðheimur eldfuglsins krómátískur og framandlegur með glissi, plokki, trillum og flaututónum, hljóðheimur Ívans og prinsessanna þýðari.

Þjóðlegu stefjaefni bregður fyrir í dansi prinsessanna og hornsólói í lokabættinum og trylltur vítisdans Kastseis gefur fyrirheit um kraftinn sem átti eftir að leysast úr læðingi með Vorblóttinu þremur árum síðar. Á tónleikum, sem fram fóru í Redding í Kaliforníu fyrir fimm árum og finna má á Youtube, rak saklaus tónleikagestur upp skaðræðisöskur þegar hljómsveitin sló magnþrunginn upphafshljóminn; tónlist Stravinskíjs heldur áfram að koma okkur í opna skjöldu, rúmri öld eftir að hún var frumflutt.

Elísabet Indra Ragnarsdóttir

Á döfinni

14.09 FIMMTUDAGUR
Kl. 19:30



Konsertþrenna með Emmanuel Pahud

Emmanuel Pahud er einn fremsti flautuleikari samtímans en hann hefur gegnt stöðu leiðandi flautuleikara hinnar virtu Fílharmoníusveitar Berlínar frá árinu 1993. Hann er afar eftirsóttur sem einleikari og hefur hljóðritað og gefið út yfir 40 hljómplötur undir merkjum Warnerútgáfurisans. Það er því sérstakt fagnaðarefni að fá að hlýða á Pahud leika þrjá ólíka flautukonserta á sömu tónleikum: Odelette eftir Camille Saint-Saëns, I hear the water dreaming eftir Toru Takemitsu og Concertino eftir Cecile Chaminade. Tónleikarnir hefjast á Forleik að síðdegi skógarpúkans eftir Claude Debussy þar sem þverflautan er ekki síður í forgrunni. Seinni hluti tónleikanna er helgaður fyrstu sinfóníu Brahms, umfaðmandi stórvirki sem tók tónskáldið rúm 20 ár að fullklára.

23.09 LAUGARDAGUR
Kl.14:00



Ástarsaga úr fjöllunum

Skyggst er inn í heim íslenskra trölla á hugljúfan og hnyttinn hátt í þessari ástsælu sögu Guðrúnar Helgadóttur sem flutt er í fallegum hljómsveitarbúningi Guðna Franzsonar þar sem dregnar eru upp líflegar hljóðmyndir af dulúðugum, spennandi heimi tröllanna. Sögumaður er Jóhann Sigurðarson og myndskreytingum Brians Pilkington verður varpað upp meðan á flutningi standur. Á efnisskránni hljóma einnig tvö verk Edvarðs Grieg, forleikurinn að Holbergsvítunni og sjálfur Tröllamarsinn.

Önnu-tvenna

05.10 FIMMTUDAGUR
Kl. 19:30



Anna og Elgar

Á tónleikunum hljómar hinn margrómaði sellókoncert Edwards Elgars í flutningi austurríska sellóleikarans Kians Soltani, sem íslenskir tónleikagestir fengu að kynnað vorið 2022 þegar hann lék sellókoncert Schumanns við mikinn fögnuð.

Meðal þeirra fjölmörgu sem sellókoncert Elgars hefur hrífið með sér í gegnum tíðina er Anna Þorvaldsdóttir tónskáld, sem kynntist verkinu sem ungur sellónemandi í Borgarnesi. Sem kunnugt er átti Anna eftir að gera tónlistina að ævistarfi með glæsilegum árangri. Á þessum tónleikum hljómar, ásamt sellókoncerti Elgars, AÍÖN-sinfónía Önnu en hún byggir á verkinu AÍÖN sem Sinfóníuhljómsveit Íslands frumflutti ásamt Íslenska dansflokknunum árið 2021. Þá fléttaðist dansverk Ernu Ómarsdóttur saman við hljóðfæraleik hljómsveitarinnar.

Anna Þorvaldsdóttir hefur verið staðartónskáld Sinfóníuhljómsveitar Íslands frá því í ársbyrjun 2018 og er þessum tónleikum, ásamt tónleikum í Hallgrímskirkju daginn eftir, ætlað að fagna þessu gjöfulegum samstarfi með því að flytja verk hennar samhliða öðrum stórvirkjum úr tónlistarsögunni.

06.10 FÖSTUDAGUR
Kl. 18:00

Archora í Hallgrímskirkju

Þessir föstudagstónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Hallgrímskirkju eru helgaðir verkum Önnu Þorvaldsdóttur og haldnir í samstarfi við Hallgrímskirkju. Þar hljómar í upphafi hljómsveitarverkið METACOSMOS, þar sem fegurð og óreiða takast á. Þá tekur við innilegur sálmur Önnu fyrir kór, Heyr þú oss himnum á, og hrífandi tónsetning hennar á ljóðinu Ad Genua fyrir sópran, kór og strengjasveit. Að lokum verður hljómsveitarverk Önnu, ARCHORA, flutt undir stjórn Evu Ollikainen en Eva hélt einnig um tónsprotann við heimsfrumflutning verksins á Proms, tónlistarhátíð breska ríkisútvarpsins BBC, í Royal Albert Hall sumarið 2022. Verkið var flutt í orgellausri útgáfu í Eldborg haustið 2022 en að þessu sinni fær hið glæsilega Klais-orgel Hallgrímskirkju að njóta sín.

Sinfóníuhljómsveit Íslands

1. fiðla

Vera Panitch
Una Sveinbjarnardóttir
Zbigniew Dubik
Andrzej Kleina
Geirprúður Ása Guðjónsdóttir
Pálína Árnadóttir
Joanna Bauer
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Laufey Jensdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Laufey Sigurðardóttir

2. fiðla

Páll Palomares
Gunnhildur Daðadóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Kristján Matthíasson
Þórdís Stross
Hekla Finnsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Ólög Þorvarðsdóttir
Dóra Björgvinsdóttir
Justyna Bidler
Ingrid Karlsdóttir

Víóla

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Rita Þorfiris
Łucja Koczot
Herdís Anna Jónsdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Guðrún Þórarinsdóttir
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Guðrún Hrund Harðardóttir
Svava Bernharðsdóttir
Kathryn Harrison

Selló

Sigurgeir Agnarsson
Steiney Sigurðardóttir
Bryndís Halla Gylfadóttir
Urh Mrak
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Helga Björg Ágústsdóttir
Margrét Árnadóttir
Bryndís Björgvinsdóttir

Bassi

Xun Yang
T.C. Fitzgerald
Þórir Jóhannsson
Richard Korn
Hávarður Tryggvason
Jacek Karwan

Rafmagnsgítar

Daníel Friðrik Böðvarsson

Flauta

Joachim Becerra Thomsen
Emilía Rós Sigfúsdóttir
Martial Nardeau

Óbó

Julia Hantschel
Matthías Nardeau
Peter Tompkins

Klarínnett

Arngunnur Árnadóttir
Grímur Helgason
Finn Schofield
Rúnar Óskarsson

Fagott

Britta Cortabarría
Hrafn Marinó Thorarensen
Brjánn Ingason

Horn

Stefán Jón Bernharðsson
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Maximilian Riefellner

Trompet

Joris De Rijbel
Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

Básúna

Gunnar Helgason
Sigurður Þorbergsson

Bassabásúna

David Bobroff

Túba

Tom Yaron Meyerson

Harpa

Elisabet Waage

Píanó/Selesta

Helga Bryndís Magnúsdóttir

Pákur

Soraya Nayyar

Slagverk

Steeff van Oosterhout
Frank Aarnink
Eggert Pálsson

Lára Sóley Jóhannsdóttir
framkvæmdastjóri
Valdís Þorkeldsdóttir
viðburða- og skipulagsstjóri
Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað
verkefnastjóri viðburða
Hjördis Ástráðsdóttir
fræðslustjóri
Guðrún Hálfðánardóttir
mannauðsstjóri

Halla Oddný Magnúsdóttir
listrænn ráðgjafi
Jökull Torfason
verkefnastóri dagskráargerðar
Margrét Ragnarsdóttir
markaðs- og kynningarstjóri
Kristín Björg Björnsdóttir
markaðsfulltrúi
Svanhvít Hrólfsdóttir
fjármálastjóri

Kristbjörg Clausen
nótnavörður
Cameron Anderton
umsjónarmaður nótna
Sigbór J. Guðmundsson
verkefnastjóri sviðs- og tæknilána
Björk Björgulfsdóttir
sviðs- og tæknilána



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Jóhann Jóhannsson og Philip Glass

28. SEPTEMBER | KL. 19:30

Jóhann Jóhannsson var eitt þekktasta kvikmyndatónskáld samtímans þegar hann féll frá langt fyrir aldur fram árið 2018. Á þessum útgáfutónleikum fagnar Sinfóníuhljómsveit Íslands nýrri hljómplötu sveitarinnar undir merkjum þýska útgáfurisans Deutsche Grammophon, *A Prayer to the Dynamo*, með tónlist Jóhanns Jóhannssonar. Einnig hljómar hin heillandi og leiðslukennda *sinfónía nr. 1* eftir Philip Glass en hún byggir á hljómplötu Davids Bowie, *Low*, frá árinu 1977.

MIÐASALA Á SINFONIA.IS



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Áskrift að upplifun

2023 | 2024

Dagskrá Sinfóníuhljómsveitar Íslands á nýju starfsári er afar litrík og spennandi. Áskrift er besta leiðin til þess að tryggja sér öruggt sæti með góðum afslætti.

Sala áskrifta- og Regnbogakorta stendur nú yfir í miðasölu Hörpu og á sinfonia.is.

SINFONIA.IS